

17. gr.

131

Eyðublöð.

31. des.

Eyðublöð undir yfirlýsingar skipstjóra, heilbrigðisvottorð og sóttgæzluskirteini lætur dómsmálaráðuneytið sóttvarnarnefndum í té.

18. gr.

**Brot gegn þessum reglum og viðurlög við þeim.**

Um brot gegn reglum þessum og viðurlög við þeim fer samkvæmt ákvæðum 27. greinar laga nr. 65, 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 31. desember 1934.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Gissur Bergsteinsson.*

## ALMENNAR REGLUR

132

**um opinberar sóttvarnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.**

31. des.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 66 frá 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, eru hér með settar eftirfarandi reglur um opinberar sóttvarnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

1. gr.

##### Opinberar sóttvarnir. Skilgreining.

Opinberar sóttvarnir teljast þær sérstöku sóttvarnarráðstafanir, sem samkvæmt 3. grein laga nr. 66, 19. júní 1933, ætíð er skylt að fyrirskipa og beita gegn sjúkdómum þeim, sem nefndir eru í 11. grein þessarar reglugerðar, ennfremur þær sérstöku sóttvarnarráðstafanir, sem ráðherra kann að fyrirskipa samkvæmt 3., 4. og 5. grein sömu laga, að beita skuli gegn þeim sjúkdómum, sem nefndir eru í 18. grein þessarar reglugerðar, og loks þær sérstöku sóttvarnarráðstafanir, sem héraðslæknir kann að beita til bráðabirgða samkvæmt 4. og 5. gr. sömu laga, sbr. 15. og 21. grein þessarar reglugerðar.

Um framkvæmd hinna opinberu sóttvarnarráðstafana fer eftir reglum þessum.

## 2. gr.

**Almennar sóttvarnir, þ. e. sóttvarnir aðrar en opinberar.**

Það er almenn skylda, án tillits til þess, hvort fyrirskipaðar eru opinberar sóttvarnarráðstafanir eða ekki, að gæta ýtrustu varúðar við hvers konar næmum sjúkdómum, og er læknum og þeim, sem með lækningar fara, svo og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum sérstaklega skylt, hverjum í sínum verkahring, að vekja athygli á sýkingarhættum og gefa ráð og leiðbeiningar hér að lútandi, enda er hlutaðeigendum ætíð skylt að hlýða fyrir mælum læknis um hvers konar nauðsynlegar, viðurkenndar og venjulegar ráðstafanir til varnar gegn sóttuæmisútbreiðslu frá sjúklingi, er hann hefir til meðferðar, hvort sem um opinberar sóttvarnarráðstafanir er að ræða eða ekki.

## 3. gr.

**Sérstakar skyldur héraðslækna við almennar sem opinberar sóttvarnir.**

Héraðslæknum er sérstaklega skylt að hafa sem nákvæmast eftirlit með hverskonar næmum sjúkdómum, hverjum í sínu héraði, leiðbeina hlutaðeigendum um meðferð þeirra og segja fyrir um, hverjar ráðstafanir skuli gera til að hefta útbreiðslu þeirra, að svo miklu leyti sem unnt er og án tillits til þess, hvort opinberar sóttvarnarráðstafanir hafa verið fyrirskipaðar eða ekki, enda leggja héraðslæknar ekki til, að opinberum sóttvarnarráðstöfunum skuli beita nema í fyllstu nauðsyn og beita þeim aldrei án heimildar fyrirfram, ef annars er nokkur kostur.

## 4. gr.

**Héraðslæknar hafa með höndum framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana, hver í sínu héraði.**

Héraðslæknar skulu, hver í sínu héraði, undir umsjón landlæknis og ráðherra, sjá um framkvæmd allra opinberra sóttvarnarráðstafana.

**Héraðslæknar eiga kröfu á aðstoð við framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana.**

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar (sérstakir lögreglustjórar, þar sem þeir eru), hreppstjórar, sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, svo og starfandi læknar, að því er snertir sjúklinga þeirra, að veita héraðslækni hjálp við framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana.

## 5. gr.

**Sérstakar skyldur starfandi lækna að aðstoða héraðslækna við framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana.**

Starfandi læknum er sérstaklega skylt að hafa vakandi auga á næmum sjúkdómum, sem skylt er, eða ástæða gæti verið til að beita opinberum sóttvarnar-

ráðstöfunum gegn, svo og smitberum slíkra sjúkdóma, og tilkynna jafnskjótt hlutaðeigandi héraðslækni, ef þeir verða þeirra varir. **132**  
31. des.

## 6. gr.

**Skyldur húsráðanda, ef næmur sjúkdómur kemur upp á heimili hans.  
Hverjum og hvernig tilkynna skal.**

Nú kemur næmur sjúkdómur upp á heimili eða yfirvofandi er, að hann komi upp á heimili, og auðsætt þykir eða líklegt, að sé einhver af þeim sjúkdómum, sem nefndir eru í 11. og 18. gr., eða vitað er eða grunsamlegt, að einhver heimilismaður sé smitberi einhvers þess sjúkdóms, og skal þá húsráðanda þegar skylt að skýra lækni sínum frá því. Ef læknirinn er ekki hlutaðeigandi héraðslæknir og felst á, að um slíkan sjúkdóm eða smitbera geti verið að ræða, tilkynnir hann það héraðslækninum. Húsráðanda, sem er fjarri lækni, er og heimilt, ef hann kys það heldur, að tilkynna sjúkdóminn hreppstjóra eða hreppsnefndarmanni í hreppi sínum eða skýra þeim frá smitberanum, en hann skal þá jafnskjótt láta hlutaðeigandi héraðslækni vita. Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn þeir, er hafa þar húsnæði eða náttstað um stundarsakir, og þeir, er þar eru í fæði. Nú kemur slíkur sjúkdómur eða smitburður upp meðal þeirra, er í nauðungarvist eru á einhverjum stað eða í sjúkrahúsum, elliheimilum, barnahælum, skólum og líkum stofnunum, og er þá forstöðumanni eða forráðamanni skylt að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn eða smitburðurinn upp á skipi eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal skipstjóri eða formaður skýra frá því.

**Ef vanrækt er að tilkynna næman sjúkdóm.**

Viti einhver til þess, að vanrækt hafi verð að segja héraðslækni frá sjúkdómi eða smitburði samkvæmt þessari grein, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt, er að framan er sagt.

**Fyrirhöfn hreppstjóra eða hreppsnefndarmanns endurgreiðist úr sveitarsjóði.**

Þurfi hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður, samkvæmt grein þessari, að takast ferð á hendur, fær hann kostnaðinn endurgreiddan úr sveitarsjóði eftir reikningi, er hreppsnefndin samþykkir.

## 7. gr.

**Sérstakar skyldur matvæla kaupmanna og veitingamanna  
og viðskiptamanna þeirra.**

Matvæla kaupmenn, matsalar, veitingamenn, brauðsalar og einkum mjólkursalar eru skyldir til, ef héraðslæknir krefst þess vegna sóttvarnarráðstafana, að láta í té skrá yfir viðskiptamenn sína, að svo miklu leyti, sem þeir eru þeim kunnir. Einnig eru menn skyldir að gefa sig fram, sem viðskipti hafa haft við slíkan ákveðinn kaupmann, útsölumann eða veitingamann, ef héraðslæknir krefst þess með auglýsingu.

**Flutningur sjúklinga með næma sjúkdóma og smitbera slíkra sjúkdóma.**

Ekki mega farþegaskip, farþegabifreiðar, farþegalofför eða önnur tilsvarendi fólksflutningatæki taka til flutnings sjúklinga með neina þá sjúkdóma, sem taldir eru í 11. gr., né smitbera þeirra sjúkdóma og ekki heldur sjúklinga með aðra þá sjúkdóma, sem taldir eru í 18. gr., né smitbera þeirra sjúkdóma, ef opinberum sóttvarnarráðstöfunum er beitt gegn þeim, nema eftir kröfu héraðslæknis, og segir hann fyrir um öruggar ráðstafanir gegn sóttnæmisútbreiðslu, enda sé farið nákvæmlega eftir fyrirmælum hans.

Ákvæði þessarar greinar ná jafnan til skarlatssóttar, barnaveiki, taugaveiki og heilasóttar, þó að opinberum sóttvarnarráðstöfunum sé ekki beitt gegn þeim.

**Sérstakar skyldur gestkomandi manna og ferðamanna.**

Ef maður hefir einhvern þann sjúkdóm, sem talinn er í 11. gr., eða er smitberi slíks sjúkdóms, eða maður hefir dvalið á heimili, þar sem einhver af þeim sjúkdómum gengur eða slíkur smitberi dvelur, þá skal hann jafnan, er hann kemur á önnur heimili, á skip eða önnur fólksflutningatæki, láta húsráðanda, skipstjóra eða forráðamann vita. Sama gildir um þá sjúkdóma, sem taldir eru í 18. gr., ef opinberum sóttvarnarráðstöfunum er beitt gegn þeim, og einnig án þess um skarlatssótt, barnaveiki, taugaveiki og heilasótt. Manni, sem vanrækir þetta, má auk sekta dæma til skaðabóta fyrir það, sem leiða kann af vanrækslu hans.

**Hindrun ferða og farartækja. Atvinnuspjöll.**

Skylt er mönnum að hlíta því bótalaust, að ferðir þeirra séu hindraðar, svo og farartæki, vegna nauðsynlegra sóttvarnarráðstafana, hvort sem opinberar sóttvarnarráðstafanir hafa verið fyrirskipaðar eða ekki. Ríkissjóður greiðir ekki þann kostnað, sem af slíkum ráðstöfunum leiðir, né heldur skaðabætur fyrir þau atvinnuspjöll, sem þær kunna að hafa í för með sér.

**II. KAFLI**

**Þegar skylt er að beita opinberum sóttvarnarráðstöfunum.**

**Næmir sjúkdómar, sem opinberum sóttvarnarráðstöfunum skal ætíð beita gegn.**

Opinberar sóttvarnarráðstafanir skulu ætíð fyrirskipaðar og þeim beitt gegn þessum sjúkdómum: pest, austurlenzkri kóleru, bólusótt, dílasótt, blóðkreppusótt og gulri hitasótt.

## 12. gr.

132

31. des.

**Ef ætla má, að upp sé kominn eða upp komi sjúkdómur, sem skylt er að beita opinberum sóttvarnarráðstöfunum gegn. Rannsóknir héraðslæknis.**

Nú er héraðslækni gert kunnugt, eða hann verður þess vis á annan hátt, að upp sé kominn eða yfirvofandi sé, að upp komi sjúkdómur í héraði hans, og er ástæða til að ætla, að verið geti einhver þeirra sjúkdóma, sem taldir eru í 11. gr., og skal héraðslæknir þá fara tafarlaust á það eða þau heimili, sem sýkt eru talin, og skoða þá, sem sjúkir kunna að vera orðnir.

Ef héraðslæknir þá telur vist eða hugsanlegt, að um einhvern þann sjúkdóm sé að ræða, sem talinn er í 11. gr., skal hann grennslast nákvæmlega eftir upptökum sjúkdómsins, hvaðan hann muni vera kominn, hvort ekki muni fleiri heimili sýkt eða í sóttthættu o. s. frv. Hafi einhver dáið úr sjúkdóminum, ber héraðslækni að rannsaka eða láta rannsaka líkið, að svo miklu leyti sem honum er unnt, ef sú rannsókn er nauðsynleg til þess að ákveða sjúkdóminn. Þurfi að kryfja líkið og vilji aðstandendur ekki leyfa það, skal héraðslæknir leita aðstoðar lögreglustjóra, sem getur úrskurðað að krufning skuli fram fara.

Ferðakostnaður héraðslæknis í þessum erindum greiðist úr rikissjóði.

## 13. gr.

**Í hverju hinar opinberu sóttvarnarráðstafanr skulu vera fólgnar.**

Í hvert sinn sem héraðslæknir verður þess vis, að upp er kominn eða yfirvofandi er, að upp komi einhver þeirra sjúkdóma, sem taldir eru í 11. gr., eða einhver sjúkdómur, sem ekki er unnt að bera kennsl á í svipinn, en grunsamt að geti verið af því tagi, þá skal hann þegar í stað beita öllum nauðsynlegum sóttvarnarráðstöfunum, sem unnt er að koma við, og fara að á þann hátt, sem nú skal greina:

**Samgöngubann við sýkt heimili.**

1. Ef héraðslæknir telur gerlegt að hafa sjúklinginn eða smitberann á heimili hans eða ekki er annars kostur, þá skal hann krefjast þess, að sýslumaður, bæjarfógeti (lögreglustjóri) eða hreppstjóri banni öllum utanheimilismönnum að koma án skriflegs leyfis héraðslæknis á bústað sjúklingsins eða smitberans (hús eða bæ eða skip) og sömuleiðis öllum heimamönnum að fara á annara manna heimili. Banna má og að flytja af sýktu heimili muni og matvæli, einkum mjólk og mjólkurafurðir. Slikt bann skal, ef þörf krefur, auglýsa á útidyraturð hins sýkta húss eða á bæjarþili fast við bæjardyr, ef bær er.

**Gæzlumaður og verðir.**

Þá er samgöngubann er sett, skal jafnan setja gæzlumann af öðru heimili til að líta daglega eftir hinu sýkta heimili og annast nauðsynlega aðflutninga og sjá um, að læknis sé vitjað, ef þörf gerist. Ef nauðsyn ber til, getur héraðslæknir krafizt þess af lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann skipi menn til að halda vörð um hið sýkta heimili, því til tryggingar, að samgöngubannið sé

**132** ekki brotið. Ákvæði 2. og 3. töluliðs 23. greinar gilda ávallt um þá sjúkdóma, 31. des. sem hér um ræðir, þó að ekki sé sett fullt samgöngubann.

### Kostnaður.

Kaup gæzlumanna og varðmanna er greitt úr ríkissjóði. Aðhjúkrun, lyf og læknishjálp skal einnig greidd úr ríkissjóði, ef með þarf, en þann kostnað skulu þeir endurgreiða, sem þegið hafa, ef ráðherra krefst þess og sveitarstjórn álitur þá til þess færa, og skal taka lögtaki, ef ekki fæst á annan hátt. Endurgreiðsluskyldan nær þó ekki til kostnaðar vegna frekari aðhjúkrunar, lyfja eða læknishjálpar, en viðkomanda hefir verið nauðsynlegt sjálfs sín vegna.

### Sjúklingur eða smitberi fluttur á sjúkrahús eða sóttvarnarhús.

2. Nú er eigi unnt að hafa sjúkling eða smitbera svo afskekktan á heimili sínu, eða sóttkvía heimilið svo, að full trygging sé fyrir því, að sóttin berist ekki út, og er þá héraðslækni heimilt að láta flytja sjúklinginn í sjúkrahús, sóttvarnarhús eða eitthvert annað hús, sem til þess er hægt að fá, enda verði sóttvörnin öruggari á þann hátt. Er sjúklingur eða smitberi skyldur að vera þar, þangað til héraðslæknir telur hættulaust að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda fái hann hæfilega læknishjálp og aðhjúkrun. Heimilt er og héraðslækni að fara eins að, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstíffelli eða smitburð. Við flutning sjúklingsins eða smitberans skal þess gætt, að svo vel fari um hann sem unnt er, án þess að hætt sé við sótnæmisútbreiðslu. Ákvæðið í 4. tölulið 23. greinar gildir ávallt um þá sjúkdóma, sem hér um ræðir. Ef sjúklingurinn eða smitberinn er fluttur í sjúkrahús eða sóttvarnarhús, er allur flutnings- og legukostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar á meðal aðhjúkrun, lyf og læknishjálp, og engin endurgreiðsla heimtuð.

### Skólum lokað og samkomur bannaðar.

3. Heimilt er héraðslækni, ef þurfa þykir, að krefjast þess af lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann skipi að loka skólum og banni almenna mannfundi, opinberar skemmtisamkomur (kvikmyndasýningar, leiksýningar, samsöngva, dansleiki, hlutaveltur o. s. frv.), aðrar samkomur (brúðkaupsveizlur, innanfélagsskemmtanir o. s. frv.), þar sem margir koma saman í sama húsi, svo og messugerðir og líkfylgdir.

### Sala varnings takmörkuð eða bönnuð. Veitingar bannaðar í gistihúsum og á veitingastöðum.

4. Heimilt er héraðslækni, ef þurfa þykir, að takmarka eða banna sölu varnings, er sóthætta getur stafað af, einnig verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, ennfremur veitingar í gistihúsum og á veitingastöðum.

### Verzlunum, gistihúsum og veitingastöðum lokað.

5. Heimilt er héraðslækni, ef þörf krefur, að krefjast þess af lögreglustjóra eða hreppstjóra að hann loki verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, ennfremur gistihúsum og veitingastöðum.

132

31. des.

### Sóttkvíun byggðarlaga.

6. Þegar mjög mikil hættu vofir yfir, má héraðslæknir krefjast þess af lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann afkvíi sýkta kaupstaði, kauptún, þorp eða sveitir eða hluta þeirra, svo og önnur stór svæði, og skal lögreglustjóri eða hreppstjóri annast nauðsynlegar ráðstafanir um samgöngubannið, þar á meðal skipun hæfilega margra varðmanna á kostnað rikissjóðs til að halda vörð um hið afkvíaða svæði.

### Sóttthreinsanir.

7. Heimilt er héraðslækni að fyrirskipa sóttthreinsanir eftir því sem þörf gerist.

### Birting opinberra sóttvarnarráðstafana fyrir almenningi.

8. Héraðslæknir skal birta almenningi ráðstafanir sínar á þann hátt, að öllum hlutaðeigendum verði þær nægilega kunnar. Nauðsynlegur auglýsingakostnaður greiðist úr rikissjóði.

### 14. gr.

**Jafnskjótt sem héraðslæknir hefir tekið upp opinberar sóttvarnir, tilkynnir hann það landlækni. Ráðherra skipar nánar fyrir um, hvernig hinum opinberu sóttvarnarráðstöfunum skuli hagað.**

Nú hefir héraðslæknir tekið upp opinberar sóttvarnir gegn einhverjum þeim sjúkdómi, sem talinn er í 11. gr., og skal hann þá tafarlaust skýra landlækni frá öllum málavöxtum og hverjum opinberum sóttvarnarráðstöfunum hann hefir tekið að beita. Þegar héraðslæknir því næst hefir fengið fyrir máli ráðherra um það, hvernig áfram skuli haga sóttvarnarráðstöfunum, hagar hann framkvæmdum sínum samkvæmt því. Gerir hann hlutaðeigendum nægilega kunnar fyrirskipanir ráðherra í samráði við landlækni, eða eftir því sem ráðherra hefir mælt fyrir um.

### 15. gr.

### Ef héraðslæknir æskir breytinga á fyrirskipun ráðherra um opinberar sóttvarnarráðstafanir.

Ef héraðslæknir telur nauðsyn til bera, að breytt sé tilhögun opinberra sóttvarnarráðstafana frá því, sem ráðherra hefir fyrir skipað, ber hann tillögur sínar um það upp fyrir landlækni og bíður fyrirskipana ráðherra. Ef hann telur breytingarnar svo aðkallandi, að hvers konar töf sé hættuleg, er honum heimilt að framkvæma þær til bráðabirgða, en því aðeins, að hann tilkynni það land-

**132** lækni jafnskjött, og skipar þá ráðherra fyrir á ný, hvernig hinum opinberu 31. des. sóttvarnarráðstöfunum skuli haga.

16. gr.

**Héraðslæknir leitar sem nánastra leiðbeininga landlæknis um framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana.**

Þegar opinberar sóttvarnarráðstafanir hafa verið teknar upp í læknishéraði, skýrir hlutaðeigandi héraðslæknir landlækni sem tíðast frá öllu, sem gerist í því sambandi og leitar jafnan sem nánastra leiðbeininga hans um allar framkvæmdir.

17. gr.

**Opinberum sóttvörnum aflýst.**

Þegar héraðslæknir telur ekki ástæðu til að beita lengur opinberum sóttvarnarráðstöfunum, gerir hann landlækni grein fyrir því. Ráðherra skipar fyrir um, hvenær opinberum sóttvörnum skuli hætt, og gerir héraðslæknir hlutaðeigendum það nægilega kunnugt í samráði við landlækni, eða eftir því sem ráðherra hefir mælt fyrir um.

III. KAFLI

**Þegar heimilt er að beita opinberum sóttvarnarráðstöfunum.**

18. gr.

**Næmir sjúkdómar, sem opinberum sóttvarnarráðstöfunum má beita gegn.**

Ráðherra getur fyrirskipað, að opinberum sóttvarnarráðstöfunum skuli beita gegn öðrum næmum sjúkdómum, en taldir eru í 11 gr., svo sem influenzu, mislingum, skarlatssótt, barnaveiki, kikhósta, taugaveiki, blóðsótt, hettusótt, heila-sótt og mænusótt, þegar þessir sjúkdómar eru skæðir, þegar líklegt þykir, að hefta megi hættulega útbreiðslu þeirra með opinberum sóttvarnarráðstöfunum, en ekki án slíkra ráðstafana, eða þegar aðrar sérstakar, knýjandi ástæður eru fyrir hendi.

19. gr.

**Héraðslæknir gerir sér ekki ferðir til sóttvarnareftirlits á kostnað ríkissjóðs nema í mikilli nauðsyn, og, ef unnt er, aðeins í samráði við landlækni.**

Nú er héraðslækni gert kunnugt, eða hann verður þess vís á annan hátt, að upp sé kominn eða yfirvofandi sé, að upp komi á tilteknum stað í héraði hans einhver þeirra sjúkdóma, sem taldir eru í 18. gr., án þess þó, að hann sé beðinn að vitja sjúklinganna til að veita þeim læknishjálp, og skal hann þá ekki gera sér ferð á hendur á ríkissjóðs kostnað til að rannsaka sjúkdóminn, nema því aðeins, að hann hafi einhverja ástæðu til að ætla, að ef til vill geti verið um

einhvern þann sjúkdóm að ræða, sem opinberum sóttvarnarráðstöfunum er skylt að beita gegn (sbr. 11. gr.), eða einhvern svo alvarlegan næman sjúkdóm eða sóttnæmisútbreiðslu, að nauðsyn muni bera til, að opinberar sóttvarnarráðstafanir verði fyrirskipaðar (sbr. 18. gr.).

**132**  
31. des.

Í öllum vafatilfellum og þegar því verður við komið, skal héraðslæknir leita leiðbeininga landlæknis.

#### 20. gr.

**Ef héraðslæknir telur nauðsyn á, að beitt sé opinberum sóttvarnarráðstöfunum.**

Nú telur héraðslæknir ástæðu til, að beitt sé opinberum sóttvarnarráðstöfunum gegn einhverjum þeim sjúkdómi, sem talinn er í 18. gr., og skal hann þá æfinlega, þegar því verður við komið, bera málið undir landlækni og biða fyrirskipana ráðherra um, hvort opinberar sóttvarnir skuli upp taka og hverjum sóttvarnarráðstöfunum skuli beita, og haga síðan framkvæmdum sínum samkvæmt því.

#### 21. gr.

**Hvenær héraðslæknir má beita opinberum sóttvarnarráðstöfunum án heimildar fyrirfram.**

Ef héraðslæknir telur svo aðkallandi að beita opinberum sóttvarnarráðstöfunum gegn einhverjum þeim sjúkdómi, sem talinn er í 18. gr., að hverskonar tóf sé hættuleg, er honum heimilt að beita til bráðabirgða opinberum sóttvarnarráðstöfunum, enda fari hann um það eftir reglum 13. gr. En því aðeins er honum þetta heimilt, að hann skýri landlækni tafarlaust frá öllum málavöxtum og hverjum opinberum sóttvarnarráðstöfunum hann hefir tekið að beita.

Þessa heimild skal héraðslæknir ekki nota nema í ýrtruðu nauðsyn (sbr. 3. gr.) og ekki nema þegar svo á stendur:

1. Að um alvarlegan sjúkdóm er að ræða, sem borizt hefir frá útlöndum og er ekki annarsstaðar á landinu eða óvíða.

2. Að um innlendan sjúkdóm er að ræða og hann óvenjulega illkynjaður, eða óvenjuleg hættu er á mikilli útbreiðslu.

#### 22. gr.

**Frekari ákvæði um opinberar sóttvarnir gegn sjúkdómum þeim, sem taldir eru í 18. gr., eru tilsvarendi við ákvæði 14., 15., 16. og 17. gr.**

Um framhald opinberra sóttvarnarráðstafana, sem héraðslæknir hefir ráðist í að beita samkvæmt 21. gr., fer eftir ákvæðum 14. gr. Um breytingar, sem héraðslæknir telur æskilegar á fyrirskipunum ráðherra um opinberar sóttvarnarráðstafanir, fer eftir ákvæðum 15. gr. Um skyldur héraðslæknis til að leita sem nánasta leiðbeininga landlæknis um allt, sem við kemur framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana, fer eftir ákvæðum 16. gr. Og um lok og aflýsingu opinberra sóttvarnarráðstafana fer eftir ákvæðum 17. gr.

31. des. **Sérákvæði um skarlatssótt, barnaveiki, taugaveiki, heilasótt og mænusótt, án tillits til þess, hvort fyrirskipaðar eru gegn þeim opinberar sóttvarnarráðstafanir eða ekki.**

Um skarlatssótt, barnaveiki, taugaveiki, heilasótt og mænusótt, svo og um smitburð þessara sjúkdóma, skal ávallt hlíta þeim fyrirmælum, er nú skal greina, hvort sem opinberum sóttvarnarráðstöfunum er beitt gegn þeim eða ekki.

**Héraðslæknir gengur ríkt eftir „að þessir sjúkdómar séu tilkynntir.**

1. Héraðslæknir skal ganga ríkt eftir því, að húsráðendur vanræki ekki að tilkynna honum, ef einhver framangreindra sjúkdóma kemur upp á heimilum þeirra, eða ef grunur er um, að smitberi slíkra sjúkdóma hafist þar við (sbr. 6. grein).

**Skólanemendur og kennarar.**

2. Hafi einhver framangreindra sjúkdóma gert vart við sig á heimili, þar sem eru börn eða aðrir nemendur, er ganga í skóla, eða smitberi slíks sjúkdóms hefst þar við, mega nemendurnir ekki sækja skólann fyrr en ekki er hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá þeim, að álitu héraðslæknis eða samkvæmt úrskurði ráðherra. Þessa skal og gætt um næmar sóttir yfirleitt, nema þær séu svo útbreiddar orðnar, að þýðingarlaust teljist. Um skólakennara gildir hið sama að þessu leyti sem nemendur. Vottorð hér að lútandi skal héraðslæknir veita ókeypis.

**Samgönguvarúð.**

3. Héraðslæknir gætir þess yfirleitt um næma sjúkdóma, en sérstaklega um framangreinda sjúkdóma, að brýna fyrir mönnum að varast öll ónauðsynleg mök við sýkt heimili. Hann skal aldrei leyna þessum sjúkdómum eða smitburði þeirra, heldur láta nábúa hins sýkta heimilis vita um sýkningarhættuna, svo að þeir geti fremur varast hana. Hann skal og brýna sérstaklega fyrir heimilismönnum, svo og þeim, sem dvalið hafa á heimilinu, að við hafa alla nauðsynlega varúð og leyna aldrei hvernig á stendur, ef þeir eru ferðamenn eða gestkomandi (sbr. 9. gr.). Sérstakrar aðgæzlu er þörf, ef maður af sýktu heimili stundar vinnu utan heimilis, og skal banna það, ef sérstök áhætta fylgir (vinna innanhúss með öðrum, matreiðslu- og þjónustustörf, matvælagarð, afgreiðslustörf, einkum í matvörubúðum, brauðbúðum, mjólkurbúðum o. s. frv.). Banna skal að flytja af hinu sýkta heimili og á önnur heimili nokkuð það, sem ætla má, að smithætta geti stafað af.

**Flutningur sjúklinga og smitbera.**

4. Um flutning sjúklinga með þessa sjúkdóma og smitbera þeirra í farþega-skipum, farþegalofförum eða öðrum tilsvarendi flutningatækjum, sjá ákvæði 8. greinar.

**Sóttthreinsanir.****132**

5. Það skal vera regla að sóttthreinsa þau heimili, sem sýkt hafa verið af skarlatssótt eða taugaveiki. 31. des.

24. gr.

**Taugaveikissmitberar og aðrir smitberar. Rannsókn. Lækning.  
Sóttvarrnarráðstafanir.**

Héraðslæknar skulu hafa vakandi auga á taugaveikissmitberum og öðrum smitberum næmra sjúkdóma, er vera kunna í héruðum þeirra, og gera jafnan allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir sóttnæmisútbreiðslu frá þeim, eftir nánari leiðbeiningum landlæknis eða fyrirskipun ráðherra.

Nú hefir verið beitt sóttvarnarráðstöfunum gegn grunuðum taugaveikissmitbera eða öðrum grunuðum smitbera, og á hann þá kröfu á, að hann verði á kostnað ríkissjóðs rannsakaður til hlítar og úr því skorið, ef unnt er, hvort grunurinn er á rökum byggður. Á sama hátt á taugaveikissmitberi eða annar smitberi, sem sóttvarnarráðstöfunum hefir verið beitt gegn, kröfu á að fá á kostnað ríkissjóðs þá læknishjálp, sem til þess þarf, að hann verði, ef unnt er, losaður við smitburðinn.

Smitberi er skyldur að hlíta nauðsynlegum fyrirmælum um ráðstafanir gegn sóttnæmisútbreiðslu frá honum, og eins þó að aðeins sé um grun að ræða, ef gruninum verður ekki hnekkt.

**Ríkissjóðsstyrkur til taugaveikissmitbera.**

Viðvarandi taugaveikissmitberi, sem ekki hefir tekizt að lækna, svo og sá, sem grunaður er um taugaveikissmitburð, og gruninum hefir ekki verið hægt að hnekkja, má leita samninga við ráðherra, eða aðstandendurnir fyrir hans hönd, um styrk úr ríkissjóði um lengri eða skemmri tíma, gegn því að smitberanum verði tryggilega ráðstafað, svo að sýkingarhætta stafi ekki af honum.

**Skýrslur um taugaveikissmitbera.**

Héraðslæknir heldur skrá yfir taugaveikissmitbera, sem honum er kunnugt um í héraði sínu og sendir landlækni árlega skýrslu um, og getur þess, hvernig hverjum um sig er ráðstafað.

**IV. KAFLI**

**Sóttkvíun byggðarlaga í því skyni, að þangað berist ekki  
næmir sjúkdómar.**

25. gr.

Afkvíunin, hvernig henni verður komið til leiðar og hvernig hún er framkvæmd.

Nú óskar bæjarstjórn þess, sýslunefnd eða hreppsnefnd, fyrir hönd kaupstaðar, sýslu eða hrepps, að afkvía kaupstaðinn, sýsluna eða hreppinn eða hluta

**132** þeirra, til þess að ekki berist þangað hættulegur faraldur. Skal þá leggja málið  
31. des. fyrir hlutaðeigandi héraðslækni eða héraðslækna, ef fleiri eru, sem aftur flytja það fyrir landlækni. Ef ráðherra virðist ástæða til, heimilar hann afkvíunina og felur hlutaðeigandi lögreglustjóra eða lögreglustjórum, ef fleiri eru, framkvæmdirnar í samráði við hlutaðeigandi héraðslækni eða héraðslækna. Afkvíuninni skal haga í samræmi við ákvæði 6. töluliðs 13. greinar, eftir því sem við getur átt.

**Kostnaðurinn greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sýslusjóðum.**

Þegar afkvíun er fyrirskipuð samkvæmt þessari grein, skal allur kostnaður við þær ráðstafanir greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóðum eða sýslusjóðum.

## V. KAFLI

### Sóttþreinsanir.

26. gr.

**Hvar sóttþreinsa má og hverjum skylt er að ganga undir sóttþreinsun.**

Heimilt er héraðslækni að skipa svo fyrir, að fram skuli fara sóttþreinsun á bústöðum þeirra, húsum og bæjum, einnig á skipum og öðrum farartækjum, svo og á lausum munum, þar er verið hefir einhver af sjúkdómum þeim, sem taldir eru í 11. og 18. gr., sbr. einnig 7. tölulið 13. gr. og 5. tölulið 23. gr.

Nú ber maður með sér eða er grunaður um að bera með sér einhvern af þessum sjúkdómum, svo sem fyrir það, að hann hefir haft bein eða óbein mök við sjúklinga eða smitbera, þannig, að hætt er við, að hann beri sjúkdóminn út, og er hann þá skyldur til að ganga undir sóttþreinsun með sig og muni sína, ef héraðslæknir telur nauðsyn á vera.

27. gr.

**Ráðning eða skipun sóttþreinsunarmanna.**

Til þess að hafa sóttþreinsanir á hendi skal héraðslæknir ráða sóttþreinsunarmenn, fleiri eða færri, innan héraðs síns, og setur þeim umdæmi. Það er skylda héraðslæknis að annast, að hvergi vanti sóttþreinsunarmann.

Nú fær héraðslæknir engan hæfan mann til að taka að sér sóttþreinsun fyrir hæfilega borgun, og getur hann þá leitað aðstoðar lögreglustjóra, sem heimilt er að skipa, eftir tillögum héraðslæknis, hvern þann mann, sem honum sýnist, á aldrinum 25—50 ára, til þess að hafa á hendi sóttþreinsun innan síns hrepps eða kaupstaðar í 3 ár. Ef sá, sem þannig er skipaður sóttþreinsunarmaður, þykist ekki geta haft starfann á hendi sökum heilsubrests eða annara orsaka, getur ráðherra leyst hann frá að gegna þessum starfa, telji hann ástæður hans á rökum byggðar.

**Héraðslæknir kennir og leiðbeinir sóttþreinsunarmönnum.**

132

31. des.

Héraðslæknir skal veita hverjum sóttþreinsunarmanni næga tilsögn í sóttþreinsunarstörfum, fær honum í hendur prentaðar sóttþreinsunareglur, er landlæknir gefur út, og leiðbeinir honum í öllum greinum.

## 28. gr.

**Greiðslur til sóttþreinsunarmanna.**

Héraðslæknir skal semja við hvern sóttþreinsunarmann um borgun fyrir hverja sóttþreinsun, og skal borgunin jafnhá fyrir allar sóttþreinsanir. Þessi borgun má að jafnaði ekki fara fram úr 8 krónum í sveitum, 11 krónum í Reykjavík og 5 krónum í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, enda skal sóttþreinsunarmönnum þar, eftir því sem unnt er, gert kleift að leysa sóttþreinsunarstörfin af hendi án þess að þurfa að fella niður aðra vinnu. Skal héraðslæknir ekki, án samþykkis ráðherra, ráða sóttþreinsunarmann fyrir hærri borgun en hér er tilgreind. Þegar sóttþreinsaðar eru heilar stofnanir, eins og skólar eða stór skip, og sé fyrirhöfnin óvenjulega mikil, er héraðslækni þó heimilt að meta hana til jafns við fleiri en eina sóttþreinsun og fer borgunin eftir því, enda samþykki landlæknir matið.

Ef sóttþreinsunarmaður hefir verið skipaður af lögreglustjóra samkvæmt 2. málsgrein 27. greinar og ekki verður samkomulag um hæfilega borgun fyrir hverja sóttþreinsun, ákveður ráðherra borgunina.

## 29. gr.

**Sóttþreinsunarlyf.**

Héraðslæknir skal sjá um, að sóttþreinsunarmönnum séu jafnan tiltækar nægar birgðir af sóttþreinsunarlyfjum þeim, sem venjulegast eru notuð til sóttþreinsana. Sóttþreinsunarlyf til opinberra sóttþreinsana þanta héraðslæknar eftir þörfum frá Lyfjaverzlun ríkisins, er afgreiðir pantanirnar í samráði við landlækni.

## 30. gr.

**Framkvæmd sóttþreinsunar.**

Nú vill héraðslæknir láta sóttþreinsa, og skal hann þá segja sóttþreinsunarmanni skýrlega fyrir um sóttþreinsunina og láta þess getið, hvar sóttþreinsa skal og hvenær og eftir hvaða sjúkdóm og hversu víðtæk sóttþreinsunin skuli vera. Skal sóttþreinsunarmaður leysa verkið af hendi samkvæmt fyrirskipun héraðslæknis.

Sóttþreinsuninni skal að öðru leyti haga í samræmi við sóttþreinsunareglur, er landlæknir gefur út.

**Lögun lausra muna. Skaðabætur til eigenda.**

Sé of miklum erfiðleikum bundið að sóttþreinsa lausa muni, getur héraðslæknir látið brenna þá eða eyða þeim á annan tryggilegan hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda og teljast með sóttþreinsunarkostnaði.

Aldrei skal þó lóga lausum munum nema auðsætt sé, að verðmæti þeirra nemi ekki meiru en kosta mundi að sóttþreinsa þá tryggilega.

Skaðabætur þær, er greiða skal, meta héraðslæknir og sóttþreinsunarmaður, og senda landlækni skriflega matsgerð. Ráðherra úrskurðar síðan um upphæð skaðabótanna að fengnum tillögum landlæknis.

**Kostnaður við sóttþreinsanir.**

Kostnaður við allar sóttþreinsanir, sem héraðslæknir fyrirskipar samkvæmt reglum þessum, greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal kostnaður við nauðsynleg sóttþreinsunarlyf (sbr. 28. og 29. gr.).

**Heimilismönnum er skylt að aðstoða ókeypis við sóttþreinsun á heimilinu.**

Þó er heimilismönnum skylt að annast endurgjaldslaust alla þá vinnu við sóttþreinsun á heimilinu, sem þeir geta af hendi leyst og sóttþreinsunarmaður þarf með og heimtar. Þeim er og skylt að leggja til ókeypis heitt vatn og kalt, eldivið og sápu eftir þörfum, en ekki önnur efni, sem til sóttþreinsunar þarf.

**Eðlilegar skemmdir vegna sóttþreinsunar.**

Eigendum er skylt að þola bótalaust eðlilegar skemmdir á húsum og munum, er leiða kunna af sóttþreinsunum.

**Aðrar skemmdir.**

Héraðslæknir og sóttþreinsunarmaður bera ábyrgð á óeðlilegum skemmdum, er leiða af sóttþreinsunum, ef um er að kenna hirðuleysi þeirra. Ef slyaskemmdir koma fyrir við sóttþreinsanir án þess að slíku hirðuleysi sé um að kenna, fer um skaðabætur í samræmi við það, er segir í 30. gr.

**Reikningar yfir sóttþreinsanir og annan sóttvarnarkostnað. Greiðslur.**

Sóttþreinsunarmaður skal senda héraðslækni sínum sérstakan reikning yfir hverja sóttþreinsun.

Héraðslæknir skal senda landlækni aðalreikning yfir sóttþreinsanirnar og láta fylgja reikninga sóttþreinsunarmanna.

Héraðslæknir skal og senda landlækni sérstakan reikning yfir annan sóttvarnarkostnað, sem greiða ber úr ríkissjóði.

Öllum þessum reikningum skal haga eftir fyrirmælum landlæknis. **132**  
 Að reikningunum úrskurðuðum sendir landlæknir héraðslækni fjárhæðirnar, 31. des.  
 en héraðslæknir greiðir sóttþreinsunarmönnum og öðrum, sem í hlut eiga.

## VI. KAFLI

### Almenn kostnaðarákvæði. Brot og viðurlög við brotum.

34. gr.

#### Almenn kostnaðarákvæði.

Kostnaður við opinberar sóttvarnarráðstafanir samkvæmt reglum þessum greiðist úr rikissjóði á þann hátt og með þeim undantekningum, sem nánar er tekið fram í einstökum greinum hér að framan, sbr. 6. gr., 9. gr., 10. gr., 12. gr., 13. gr. (tölulíðir 1, 2, 6 og 8), 24. gr., 25. gr., 31. gr. og 32. gr.

35. gr.

#### Brot og viðurlög við brotum.

Um brot á ákvæðum þessarar reglugerðar og viðurlög við þeim fer eftir 17. gr. laga nr. 66, 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 31. desember 1934.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Gissur Bergsteinsson.*

## REIKNINGUR

**133**

Æfinlegrar erfingjarentu Sigríðar Melsteð 1932.

Tekjur:

Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 479.69
Vextir .....	— 26.92
Afgjald af Hlíð í Grafningi .....	— 250.00
	<hr/>
	Kr. 756.61